

REGLUR ÍSLANDSSJÓÐA UM UPPLÝSINGAR UM VIÐSKIPTAMENN

1. gr MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Markmið reglna þessara er að stuðla að því að Íslandssjóðir fari með upplýsingar um viðskiptamenn sína í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, lög um fjármálafyrirtæki og lög um persónuvernd.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 19. gr. b laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og gilda um upplýsingar sem Íslandssjóðir vista um einstaka viðskiptamenn sína.

Upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga hjá Íslandssjóðum má finna í [stefnu félagsins um persónuvernd](#).

Reglur þessar gilda við vinnu allra starfsmanna og eftir atvikum allra annarra sem taka að sér verk í þágu Íslandssjóða (hér sameiginlega nefndir „starfsmenn“).

Reglurnar gilda um sérhverja rafræna og handvirka vinnslu upplýsinga.

2. gr VISTUN UPPLÝSINGA UM EINSTAKA VIÐSKIPTAMENN

Íslandssjóðir vista upplýsingar sem viðskiptamenn veita þegar stofnað er til viðskipta eða aflað er hjá þeim síðar. Upplýsingar eru almennt vistaðar á rafrænu formi en einnig á pappírformi sé það skilyrði samkvæmt lögum. Íslandssjóðir skulu eyða upplýsingum með tryggilegum hætti í samræmi við innri reglur félagsins.

Íslandssjóðir hafa útvistað til Íslandsbanka þjónustu við hlutdeildarskírteinishafa verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða og vistar bankinn upplýsingar um viðskiptamennina samkvæmt reglum sínum. Íslandssjóðir hafa eftirlit með þeirri þjónustu sem Íslandsbanki veitir á grundvelli útvistunar.

3. gr AÐGANGUR STARFSMANNA AÐ UPPLÝSINGUM

Íslandssjóðir skulu stýra aðgangi að upplýsingum um viðskiptamenn sína og haga heimildum starfsmanna félagsins til aðgangs og nýtingar viðskiptamannaupplýsinga þannig að þær nái eingöngu til þess sem nauðsynlegt er starfa þeirra vegna. Það sama gildir um innri eftirlitseiningar, s.s. innri endurskoðun og regluvörslu.

4. gr ÞAGNARSKYLDA

Starfsmenn Íslandssjóða skulu bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptavina félagsins, nema skylt sé að veita viðskiptamannaupplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

5. gr UPPLÝSINGARÉTTUR VIÐSKIPTAMANNA

Viðskiptavinir eiga rétt á upplýsingum um vinnslu eigin persónuupplýsinga hjá Íslandssjóðum og aðgangi að þeim. Persónuupplýsingar eru upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Allar upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga og rétt viðskiptavina til aðgangs að eigin persónuupplýsingum má finna í [stefnu félagsins um persónuvernd](#).

Vegna annarra viðskiptamannaupplýsinga en persónuupplýsinga geta viðskiptamenn óskað eftir að fá afhent afrit af slíkum upplýsingum standi lögmætir hagsmunir viðskiptavinar til þess.

Ef grunur er um misferli í tengslum við viðskiptamannaupplýsingar er hægt að tilkynna það í gegnum vefsíðu félagsins: [Tilkynning um meint misferli](#). Einnig er hægt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa félagsins varði málið persónuupplýsingar, í gegnum netfangið personuvernd@islandsbanki.is. Viðskiptamenn eiga ekki rétt á að krefjast persónugreinanlegra upplýsinga um starfsmenn sem hafa unnið með eða skoðað viðkomandi viðskiptamannaupplýsingar. Við mat á því hvort og hvaða upplýsingum um vinnslu viðskiptamannaupplýsinga verður miðlað til viðskiptamanna skulu sjónarmið um persónuvernd og reglur um þagnarskyldu, sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki, höfð til hliðsjónar.

6. gr MIÐLUN VIÐSKIPTAMANNAUPPLÝSINGA TIL ÞRIÐJA AÐILA

Allar upplýsingar um miðlun persónuupplýsinga má finna í [stefnu Íslandssjóða um persónuvernd](#). Miðlun annarra viðskiptamannaupplýsinga en persónuupplýsinga til þriðja aðila er óheimil nema með vissum undantekningum t.d.:

- Þegar það er skylt að miðla viðskiptamannaupplýsingum samkvæmt lögum og skrifleg beiðni berst um miðlun viðskiptamannaupplýsinga frá lögbæru yfirvaldi eða;
- Þegar skylt er að tilkynna um viðskipti á grundvelli laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Skrifleg beiðni um miðlun viðskiptamannaupplýsinga berst frá viðskiptamanninum sjálfum, forráðamanni hans eða umboðsmanni eða;
- Þegar lögmætir hagsmunir krefjast þess t.d. við kaup á þjónustu þriðja aðila t.d. við hýsingu kerfa.

Beiðni um miðlun viðskiptamannaupplýsinga til þriðja aðila skal vera skrifleg. Í slíkri beiðni skal koma fram til hvaða tímabils og upplýsinga beiðnin nær, til hvaða aðila er heimilt að miðla upplýsingunum og í hvaða tilgangi þeim er miðlað.

7. gr GJALDTAKA

Íslandssjóðir innheimta ekki gjald vegna beiðna um persónuupplýsingar í samræmi við gildandi persónuverndarlög.

Íslandssjóðir áskilja sér rétt til að innheimta gjald fyrir kostnað við að svara fyrirspurnum um vinnslu viðskiptamannaupplýsinga annarra en persónuupplýsinga og kostnað við afritun slíkra viðskiptamannaupplýsinga sem er miðlað til viðskiptavinar eða þriðja aðila.

8. gr EFTIRLIT OG ENDURMAT

Hálfsárslega skal metið hvort aðgangur starfsmanna félagsins að upplýsingum samkvæmt reglum þessum samræmist starfsskyldum þeirra. Skal það eftirlit framkvæmt af áhættustýringu Íslandssjóða.

Persónuverndarfulltrúi félagsins skal hafa eftirlit með stefnu um persónuvernd sem er aðgengileg á vefsíðu félagsins.

9. gr BIRTING REGLNANNA

Reglur þessar skal birta á vefsíðu Íslandssjóða www.islandssjodir.is.

Samþykkt af stjórn Íslandssjóða hf. 22. október 2019.